

Sp.

## 32. Tillaga til þingsályktunar

[28. mál]

um undirbúning löggjafar um vinnuhjálp húsmæðra.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um vinnuhjálp húsmæðra með svipuðu sniði og nú tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og leggja frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi á árinu 1950.

### Greinargerð.

Á síðari árum hefur þróunin orðið sú, hér og annars staðar, að mjög erfitt hefur reynzt að fá hjálpu við heimilisstörf. Þetta m. a. hefur orðið til þess, að í nágrannalöndunum hefur verið reynt á félagslegum grundvelli að koma skipulagi á vinnuhjálpu húsmæðra í sérstökum neyðartilfellum, nefnilega þegar húsmóðirin forfallast vegna sængurlegu, sjúkdóma eða ofþreytu. Í fyrstu voru það t. d. í Svíþjóð einstöku félög, sem höfðu forgöngu um þetta, en starfsemin náði fyrst útbreiðslu, er ríkið tók höndum saman við bæjar- og sveitarfélög um allt skipulag hennar.

Hér á landi hefur, einkum í Reykjavík, verið reynt að veita heimilinum vinnuhjálpu í forföllum húsmæðra, en starfsemi þessi hefur strandað á því, að stúlkur hafa ekki fengið til starfana nema við og við, og mun svo verða að öllu óbreyttu.

Aðalefni hinnar sænsku löggjafar, um þetta efni, sem þýðingu mætti hafa, til þess að stúlkur teldu þetta starf eftirsóknarvert, er:

1. að stúlkurnar fá sérstaka menntun í þessu skyni og geta því litið á sig sem stétt, er hafi ákveðnu, þýðingarmiklu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu;
2. að stúlkurnar eru ráðnar af opinberum aðila (bæjarstjórn, hreppsnefnd o. s. frv.), fá kaup eftir ákveðnum reglum og starfskjör þeirra eru hliðstæð kjörum annarra opinberra starfsmanna;
3. að starfið er að verulegu leyti sjálfstætt.

Hagnaður heimilanna af því, ef að einhverju leyti mætti tryggja með þessum hætti vinnuhjálpu í forföllum húsmóðurinnar, er auðsær. Víða á heimilum horfir til stórvandræða, ef húsmóðirin getur ekki gegnt störfum sínum, þótt um stuttan tíma sé að ræða. Kemur oft til þess, að leysa verður heimilið upp eða maðurinn verður að leggja niður vinnu til þess að taka að sér heimilisstörfin. Algengt er líka um húsmæður, að sjúkdómur, sem mætti lækna á fyrsta stigi hans, verður að ólæknandi meini vegna þess, að heimilisstörfin leyfa ekki, að leitað sé læknis í tíma.

Um fjárhagshliðina má segja það, að fyrir mörg bæjar- og sveitarfélög gæti orðið stórkostlegur fjárhagslegur hagnaður að því, ef hægt væri að koma góðu skipulagi á vinnuhjálpu heimilanna í forföllum húsmæðra, auk þess sem mikill fjöldi fólks getur borgað fyrir slíka hjálpu, þótt illmögulegt sé að fá hana eins og nú standa sakir.